

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
Hollvínasamtök dráttarbátsins Magna	Viðgerð og varðveisla dráttarbátsins Magna	20.11.2017	3.500.000	Nei	3.500.000	R17110081



S. Björn Blöndal  
Formaður borgarráðs  
Reykjavíkurborg  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Málsnr.: 21711 0081  
Skjalasafn Ráðhúss  
15. nóv. 2017  
Bréfalykill: 1252

Reykjavík, 14. nóvember 2017

Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna eru samtök sem stofnuð voru 25. júní á þessu ári, í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur og hafa það að markmiði að standa að viðgerð og varðveislu skipsins.

Stjórn hollvinasamtakanna er vel mönnuð, öflug og samhent. Í henni eru Axel Orri Sigurðsson, stýrimaður, Böðvar Eggertsson, vélfræðingur og kennari í Vélaskólanum í Reykjavík, Jón Ingi Jónsson stjórnsýslufræðingur, Bárður Hafsteinsson skipaverkfræðingur og Friðrik Friðriksson, sem er fyrrum bátsmaður hjá Eimskip.

Magni hefur þá sérstöðu að vera fyrsta stálskipið smíðað á Íslandi, árið 1954, en það var teiknað af Hjálmari R. Bárðarsyni, skipaverkfræðingi og siglingamálastjóra. Sags skipsins er snar þáttur í sögu Reykjavíkur og Faxaflóahafna, þar sem það gegndi því hlutverki að lóðsa skip inn í Reykjavíkurhöfn, ásamt því að vera ísbrjótur. Skipið var farsælega starfrækt í rúm 30 ár, frá 1955 til 1987. Nú liggur skipið við landfestar í Vesturbugt, gegnt varðskipinu Óðni og hefur alla burði til þess að vera hin mesta hafnarprýði á þessu svæði, sem er í mikilli sókn.

En til þess að svo geti orðið þarf fjármagn til löngu tímabærrar slíptöku, en skipið fór síðast í slipp árið 2005 og er komið á þann stað að ástand fer hratt versnandi. Því þarf að bregðast við hratt og örugglega.

Hollvinasamtök Magna hafa gert áætlun um viðgerð og varðveislu skipsins og hafa þegar hafist handa af fullum krafti. Hollvinasamtökin hafa leitað til fjölda fyrirtækja, einstaklinga og stofnana um ýmsa fyrirgreiðslu og framlög og hefur orðið nokkuð ágengt. Sjálfboðaliðar í hollvinasamtökunum hafa varið miklum tíma í vinnu um borð, unnið af eldmóði og orðið verulega ágengt. Nú þegar hefur verið ráðist í hreinsun inni í skipinu í samvinnu við Borgarsögusafn og tryggt að það haldi vatni og vindum í vetur, auk þess sem unnið er að því að koma hita og rafmagni um borð. En stærsta og brýnasta verkefnið til að tryggja varðveisluna til lengri tíma, er að koma skipinu í slipp, þar sem ástand skrokks skipsins verður metið, auk þess sem það verður málað og sinkað (til að koma í veg fyrir áframhaldandi ryð og eyðingu málmsins).


Þar sem töluvert fjármagn þarf til þessa verks óska Hollvinasamtökin eftir einskisframlagi frá Reykjavíkurborg til að standa undir kostnaði við slíptökuna. Samkvæmt tilboði frá Stálsmiðjunni-Framtak er slíptaka áætluð upp á 3.143.000 kr, fyrir utan endurnýjun á stormhurðum sem kosta um 1.700.000 kr. Samtals gera þetta 4.843.000 kr (sjá meðfylgjandi greinargerð).

Hér með er sótt um styrk frá borgarráði til viðgerðar og viðhalds þessa merka skipa, að upphæð 3.500.000 kr. Með þessu framlagi verður gríðarlegum áfanga í viðgerð og viðhaldi Magna náð, eyðileggingarferli skipsins verður þar með snúið við og í kjölfarið má segja að hann verði kominn á lygnan sjó til næstu ára.

Með von um að vel verði tekið í þessa ósk okkar.

Fyrir hönd stjórnar Hollvinasamtaka Magna,

Axel Orri Sigurðsson, formaður.



Dagss.: 14.06.2017

Ref: Faxaflóahafnir ehf

Til: Axel Orri Sigurðsson  GSM: 821 5884 Sími: Símbref:	Frá: Stálsmiðjan - Framtak ehf. Vesturhraun 1 210 Garðabær GSM: 660 3545 Sími: 552 4400 Símbref: 552 5504  Netfang: bth@stalsmidjan.is
Attn: Axel Orri Sigurðsson Netfang: axelsigurds97@gmail.is	

**Málefni: Slipptaka á Magna II RE**

Um leið og við þökkum fyrir fyrirspurn ykkar sendum við eftirfarandi tilboð í slipptöku, málningu ofl.:

**1. Upp- og framsátur.**

Taka skipið upp og sjósetja að nýju þegar slippvinnu líkur ásamt stöðu í slipp daginn sem skipið er tekið upp. Reiknað er með að vinna fari fram innan hefðbundins vinnutíma Stálsmiðjunnar – Framtaks ehf.

Verð kr. 285.000,-

**2. Staða í slipp.**

Slipp leiga per dag umfram fyrsta dag. Reiknast m.v. unna daga.

Verð per dag kr. 22.000,-

**3. Rafmagn.**

Landleiga og kapalleiga

Rafmagnsnotkun per kWst kr. 20.000,-

kr. 14,00

**4. Álanóður.**

Álanóða ákominn per kg.

kr. 2.550,-

**5. Botnþvottur og botnmálning tveggja ára kerfi.**

Hreinsa botn með háþrýstíþvotti. Hreinsað er með 400-600 bara þrýstingi þannig að öll óhreinindi og laus málning fari af. Opnun hreinsun og lokun á sjóinntökum er innifalið.

Bletta allt að 25 % af botni 2 umferðir með grunni og heilmála tvær umferðir með botnmálningu.

Verð samtals : kr. 875.000,-

**6. Þvo og mála síður.**

Þvo síður eins og botn í kafla 5. Bletta allt að 20 % af fletinum, grunna tvisvar og heilmála með lakki og merkja.

Verð samtals : kr. 305.000,-

**7. Þvottur og málun ofandekks.**

Þvottur og málun eins og á síðum samkvæmt málningarkerfis frá Hempels.

Verð samtals : kr. 895.000,-





Reykjavík, 8. desember 2017

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð Reykjavíkurborgar

**Sendandi:** Borgarsögusafn Reykjavíkur

---

**Styrkbeiðni hollvinasamtaka dráttarbátsins Magna** (Tilvísun í mál: R17110081)

*Neðangreind styrkbeiðni hollvinasamtaka dráttarbátsins Magna er hér með send borgarsögusafni til umsagnar. Umsögn óskast send innan 3 vikna.*

Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna sendu á borgarráð erindi, dagsett 14. nóvember 2017 og óska eftir styrk sem þau munu nýta til viðgerða og viðhalds bátsins, sem varðveittur er á Sjóminjasafninu í Reykjavík, í Vesturbugt. Þessu erindi ber að fagna. Dráttarbáturinn Magni á sér merka sögu sem tengist bæði sögu Reykjavíkur og Faxaflóahafna og það er engum blöðum um það að fletta að það er mikilvægt að varðveita hann og halda honum við á safninu.

Hollvinasamtökin voru stofnuð fyrir á þessu ári og hafa nú þegar unnið ötullega og í góðu samstarfi við safnið að afar brýnum og tímabærum viðhaldsaðgerðum og hreinsun um borð. Það hefur sýnt sig að mikill kraftur er í hollvinasamtökunum, sem gott er að virkja, enda valinn maður í hverju rúmi.

Fyrir söfn eins og Borgarsögusafn er verulega mikill fengur í sjálfbóðaliðasamtökum eins og þessum, þar sem einstaklingar með brennandi áhuga á viðfangsefninu leggjast á árar með safninu að sinna verkefnum sem þessu, sem því miður hafa fengið að sitja á hakanum. Því fögnum við þessu góða frumkvæði og þeim drifkrafti sem því fylgir. Hollvinasamtökin hafa gert góða og vandaða áætlun í tengslum við helstu verkefni sem blasa við á komandi misserum og leitað tilboða. Það er ljós að kostnaður við þessa vinnu er þó nokkur, eins og kemur fram í gögnum hollvinasamtakanna og hún verður ekki unnin án þessa styrks.

**Borgarsögusafn Reykjavíkur mælir eindregið með því að beiðnin verði samþykkt.**

Guðbrandur Benediktsson  
Safnstjóri



## Umsókn um styrk úr Borgarsjóði - Tilvísun í mál: R17110081

Umsækjandi: **Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna**

Kennitala: **5007171650**

Heimilisfang: **Grandagarði 8**

Netfang: **magnidrattarbatu@gmail.com**

Símanúmer: **821 5884**

Póstnúmer: **101**

Staður: **Reykjavík**

Nafn ábyrgðarmanns: **Axel Orri Sigurðsson**

Kennitala ábyrgðarmanns: **080197-3659**

Heimilisfang ábyrgðaraðila: **Öldugötu 11**

Póstnúmer ábyrgðaraðila: **101**

Netfang ábyrgðaraðila: **axelsigurds97@gmail.com**

Símanúmer ábyrgðaraðila: **821 5884**

Hlutverk ábyrgðaraðila: **Formaður**

Upphæð sem sótt er um: **3.500.000 kr.**

Banki: **0133**

Höfuðbók: **15**

Reikningsnúmer: **380955**

Heiti verkefnis: **Björgum Magna**

Lýsing á verkefni: **Að gera upp fyrsta stálskipið sem smíðað er á Íslandi.**

Hverjir hafa helst hag af styrknum? **Borgarbúar og landsmenn allir.**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Nær eingöngu karlar

Fleiri karlar en konur

Bæði kynin jafnt **X**

Fleiri konur en karlar

Nær eingöngu konur

Hverjir munu vinna að verkefninu? **Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur.**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Aðallega karlar

Aðallega konur

Bæði kynin jafnt **X**

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

**Dráttarbáturinn Magni er í eigu Borgarsögusafns Reykjavíkur og því fylgja samtökin jafnréttisstefnu safnsins, sem og Reykjavíkurborgar.**

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

**(Mannréttindastefnu má finna hér: [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267\\_view-752/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/)) Dráttarbáturinn Magni er í eigu Borgarsögusafns Reykjavíkur og því fylgja samtökin mannréttindastefnu safnsins, sem og Reykjavíkurborgar.**

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

**Gert er ráð fyrir að vinna við slíptöku skipsins hefjist í ársbyrjun 2018 og ljúki á sama ári.**

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

**Reykjavíkurborg: 3.500.000 kr.**

**Borgarsögusafn Reykjavíkur 500.000 kr**

**Landsbankinn 250.000 kr.**

**Samtals: 4.250.000 kr.**

**Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir**

Reykjavíkurborg: 3.500.000 kr.

Borgarsögusafn Reykjavíkur 500.000 kr

Landsbankinn 250.000 kr.

Samtals: 4.250.000 kr.

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? **Já.** Hvaða? **Landsbankanum.**

-

-

-

**Aðrar upplýsingar:**

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda? **Nei.**

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks? **Nei.**

Annað sem umsækjandi vill taka fram